



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Bakkaborg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Leiðarljós leikskólans	3
2	Greinargerð leikskólastjóra	3
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	4
	Innra mat	4
	Ytra mat	5
4	Innra mat deilda	8
	Bakki	8
	Álfhóll	12
	Dvergasteinn	16
	Trölladyngja	19
	Skessuból	24
5	Innra mat sérkennslu	30
	Mat á sérkennslu 2022-2023	30
	Endurmat starfsáætlunar sérkennslu 2022-2023	31
	Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024	32
6	Innra mat – fjöltyngd börn	33
	Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023	33
	Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024	35
7	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	36
8	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	36
9	Foreldrasamvinna	37
10	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	38
11	Fylgigögn	39
	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	39



1 Leiðarljós leikskólans

Gleði, vinátta, virðing.

2 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2023 - 2024 ætlum við að horfa inn á við, bæta það starf sem þarf samkvæmt niðurstöðum úr mati síðasta árs og þróa áfram það sem vel gekk. Meðal markmiða ársins er að styrkja okkur í aðferðum Uppeldi til ábyrgðar og viðhalda og auka faglegt starf.

Leikskólinn Bakkaborg er fjölmenningarlegur leikskóli með um 64 % barna af erlendum uppruna og er mikil áhersla á málörvun á öllum deildum. Til að bæta enn betur málumhverfi barnanna verður stofnað teymi til að móta málstefnu leikskólans.

Leikskólinn Bakkaborg leggur áherslu á að styrkja málþroska, sjálfseflingu og félagsfærni barna.

Eins og undanfarin ár þá förum við inn í skólaárið 2023-2024 með fullmannaðan leikskóla. Við höfum þurft að færa starfsmenn á milli deilda og í ný starfsheiti og munum endurskoða starfsmanna hópinn reglulega með þarfir barnanna að leiðarljósi.

Á síðasta skólaári lögðum við af stað með nýja tímalínu, þar sem unnið er með mánaðarleg þemu. Á tímalínunni voru bækur, lög, þulur og verkefni tengt hverju þema sem nýttast hópstjórunum í hópastarfi. Almenn ánægja hefur verið með tímalínuna og hefur hún verið þróuð áfram á hverri deild út frá þörfum barna og kennara.

Foreldraverkefni frá **Leikur að læra** voru innleidd á eldri deildum síðasta skólaár og hafa gengið mjög vel. Foreldar vinna þá stutt verkefni með börnunum þegar þau mæta að morgni. Leikur að læra hefur líka verið stór þáttur vikulegs íþróttatíma hvernar deildar og er mikið notað í hópastarfi, sérstaklega á elstu deildunum.

Verkfærakista KVAN hefur nú verið innleidd á öllum deildum og hefur nýst vel í starfi. Kennarar greina samskipti sín við börnin og félagslega stöðu þeirra í barnahópnum og nota námsefni frá KVAN og aðrar gagnreyndar aðferðir til að efla sjálfstraust og félagsfærni barna.

Starfsdagar voru vel nýttir í endurmenntun síðasta skólaár, til dæmis fóru allir starfsmenn á skyndihjálparnámskeið og Miðja máls og læsis hélt fræðslu um mikilvægi Gefðu 10 og málörvunar og munum við fá fræðslu um tungumálastefnu fjölskyldunnar þetta skólaár.

Í apríl 2023 fór sex manna hópur kennara til Montana og hélt námskeið um hvernig við tökum á móti fjölskyldum með fjölmenningarlegan bakgrunn og hvernig staðið er að málörvun og sérkennslu í



Bakkaborg. Gestrisni Búlgara var mikil og fékk íslenski hópurinn kynningu á matarmenningu og hefðum. Borgarstjóri Montana bauð einnig hópnum til sín á stuttan fund þar sem skipst var á gjöfum.

3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Deildarfundir eru haldnir aðra hverja viku og þá er farið yfir stöðu barna á deildinni. Þar er meðal annars félagsleg staða þeirra í barnahópnum metin út frá skráningarformi frá KVAN. Þetta hjálpar starfsfólki að finna þau börn sem þurfa frekari stuðning til að efla og styrkja þau félagslega. Einnig meta starfsmenn samskipti sín við börnin út frá matslista frá KVAN.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Félagsleg staða barnanna	Metið á deildarfundum með skráningarlista frá KVAN.	Allir starfsmenn á deildinni.	Starfsmönnum fannst gott að geta metið félagslega stöðu barnanna í hópnum. Þau börn sem komu slök út þar fengu ákveðna íhlutun og staða þeirra metin aftur eftir 6 vikur.
Samskipti kennara við börnin á deildinni	Metið á deildarfundum með skráningarlista frá KVAN.	Allir starfsmenn á deildinni.	Starfsfólk varð meðvitað um það hvernig samskipti það á við börnin. Metið var magn og tegund samskipta við börnin. Starfsfólk setti sér síðan markmið að eiga meiri jákvæð samskipti við þau börn sem höfðu fengið lítil jákvæð samskipti.



Ytra mat

Niðurstöður úr viðhorfskönnun hjá starfsmönnum á Bakkaborg komu á heildina litið mjög vel út. Starfsfólki finnst markmið með starfi þeirra skýr, á auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf og er starfsfólk almennt jákvætt og ánægt í vinnunni. Stjórnunarhættir á leikskólanum eru metnir góðir þar sem starfsfólki finnst næsti yfirmaður hvetja sig til að þróast í starfi, hægt er að leita til yfirmanns ef eitthvað er að og mikið traust er borið til yfirmanna. Það sem starfsmenn voru minnst ánægðir með voru laun og hljóðvistargæði.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun hjá foreldrum komu mjög vel út. Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með leikskólann og telja að barninu sínu líði vel í leikskólanum. Þeir eru ánægðir með hvernig leikskólanum er stjórnað, gott upplýsingaflæði og finnst andrúmsloftið vera vingjarnlegt.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfskönnun starfsfólks	Viðhorfskönnun á netinu.	Starfsfólk á leikskólanum Bakkaborg	Það var almenn ánægja í nánast öllum þáttum starfsins.
Viðhorfskönnun foreldra	Viðhorfskönnun á netinu.	Foreldrar á leikskólanum Bakkaborg	Það var mikil ánægja með leikskólann í öllum þáttum og var bæting frá síðustu könnun.



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Deildar- stjórafundir	Mark- vissari deildar- stjóra- fundir	Á deildar- stjóra- fundum	Deildar- stjórar/ leikskóla- stjóri eða staðgengill hans	Sept. 2023	Sept. 2024	Farið yfir stöðu á hverri deild á tveggja vikna fresti	Farið yfir síðustu fundar- gerð, hvernig hefur gengið að fylgja eftir því sem var ákveðið á síðasta fundi.
Fagfundur	Byrja aftur með fagfundi	Fagfundir annan hvern föstudag.	Leikskóla- kennarar og annað uppeldis- menntað fagfólk	Sept. 2023	Maí 2024	Farið yfir faglegt starf og metið	Farið yfir síðustu fundar- gerð, endur- metið og ákveðið framhald.
Uppeldis- og menntastarf							
Lausna- teymi	Mark- vissari snemm- tæk íhlutun fyrir börnin.	Lausna- teymis- fundur haldnir markvisst, fundar- gerðir eftir hvern fund	Sér- kennslu- stjóri, deildar- stjórar og verkefna-	Haust 2023	Vor 2024	Fundargerðir skráðar eftir hvern fund þar sem ákveðin íhlutun er sett af stað. Tekin verða saman gögn eftir að íhlutun á sér stað og metið	Markmið sem sett eru á lausna- teymis- fundum er náð. Tilvísanir

		og næstu skref.	stjóri fjölmenningsar.			hvort að fundirnir séu að skila árangri. Einnig verður einn fundur á önn þar sem lausnateymið kemur saman og metur hvernig hefur gengið.	og viðtalsbeiðnir til sérfræðinga á þjónustumiðstöð fækkar.
Málstefna á leikskólunum	Innleiða málstefnu á leikskólunum	Teymi verður komið á og haldnir verða málstefnufundir	Leikskólastjóri/ Verkefnastjóri fjölmenningsar	Haut 2023	Vor 2024	Fundargerðir. Einn fundur á önn þar sem metið er hvort fundirnir séu að skila árangri.	Málstefna verði fullmótuð í lok vors 2024.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Uppeldi til ábyrgðar	Að starfsmenn öðlist hæfni og tileinki sér vinnu-aðferðir stefnunnar.	Fá námskeið á starfsdegi.	Leikskólastjóri	Haut 2023	Vor 2024	Starfsmenn fara yfir á deildarfundum hvernig unnið er eftir stefnunni.	Að starfsmenn hafi náð að tileinka sér grunn-aðferðir Uppeldi til ábyrgðar og vinni eftir þeim í leik og starfi.
Innra mat							
Málumhverfi	Bæta málumhverfi innan leikskólans	Hefja samstarf við Miðju máls og læsis	Leikskólastjóri/ Verkefnastjóri fjölmenningsar	Haut 2023	Vor 2024	Miðja máls og læsis kemur í leikskólann og metur aðstæður og gefur ráð.	Ráðleggingum Miðju máls og læsis hafi verið fylgt



4 Innra mat deilda

Bakki

Bakki er ungbarnadeild með 15 börn á aldrinum eins til tveggja ára sem voru öll að hefja leikskólagöngu sína í fyrsta sinn. Í byrjun hausts voru börnin 14 og eftir áramót var fjöldinn kominn í 15. Aðlögunin var í ágúst og september og nokkrum vikum eftir aðlögun byrjaði hópastarf. Hópastarf var alla daga vikunnar og skiptist í listasmiðju, könnunarleik, íþróttir, flæðilestur og vinastundir. Lögð var sérstök áhersla á félagsfærni, sjálfsefningu og málörvun.

Endurmat á starfsáætlun 2022-2023

Félagsfærni

Í haust vorum við með vikulegar vinastundir í hópatíma. Vinastundirnar eru samblanda af Vináttuverkefningu Blæ og verkfærakistu KVAN.

Styrkleikar: Börnunum finnst gaman í vinastundum og eru framfarir í þátttöku og að segja frá.

Tækifæri til umbóta: Blær vinaverkefnið hefur gengið vel og er alltaf í þróun hjá okkur. Blær bangsar barnanna eru komnir í vasa í hæð barnanna en hafa ekki verið aðgengilegir utan vinastunda. Við ætlum að prófa að breyta því næsta vetur svo börnin hafi betri aðgang að þeim. Stóri Blær bangsinn hefur verið sýnilegur og verður það áfram. Einnig ætlum við að hafa vinaspjöldin úr Blæ meira sýnileg utan vinastunda, í hæð barnanna þannig að þau geti skoðað og talað um þau.



Sjálfsefning

Börnin æfðu sig að klæða sig í frjálsum leik, í vettlinga, húfur og stígvél. Fötin voru geymd í kössum í Bangsaherbergi og Sælukoti og tekin fram reglulega.

Styrkleikar: Börnunum fannst gaman að leika með fötin og æfðu sig í að klæða sig og hvort annað.



Tækifæri til umbóta: Í fataklefanum sóttu börnin frekar í aðstoð kennara og vildu síður klæða sig sjálf. Við munum því leika meira með einfaldan útífatnað í fataklefanum til að börnin eigi auðveldara með að tengja kunnáttuna þangað.



Stefnt var að því að börnin næðu öryggi á Bakka áður en þau færu í heimsóknir upp í hús að sækja ávexti eða síðdegishressingu.

Styrkleikar: Þegar börnin voru orðin örugg á Bakka fengu þau að fara upp í hús að sækja ávexti eða síðdegishressingu. Flestum fannst gaman að fara.

Tækifæri til umbóta: Helsta hindrunin var veðráttan sem hamlaði því oft að börnin gætu gengið upp í hús.



Læsi

Við byrjuðum í haust með Gefðu 10 og tókum saman aðra hverja viku hvernig hefði gengið.

Styrkleikar: Gefðu 10 gekk mjög vel og vel haldið utan um skráningar.

Tækifæri til umbóta: Næsta starfsár ætlum við að skipta börnunum niður á hvern starfsmann það er að starfsmaður verði með ákveðin börn í tvær vikur og skipta eftir þann tíma.



Flæðilestur var í hópastarfi á föstudögum þ.e. hver hópstjóri var með sinn hóp. Í flæðilestri er bók lesin fyrst fyrir allan barnahópinn og aftur fyrir hvert barn svo börnin heyra söguna lesna oft.

Styrkleikar: Mörg barnanna höfðu mikinn áhuga á myndunum úr flæðilestursbókinni og bentu á þær og fengu að heyra og æfa orðin.

Tækifæri til umbóta: Flæðilesturinn verður settur inn í samveruna fyrir hádegismat á hverjum degi og sama bókin lesin alla vikuna.



Heilbrigði

Börnin fóru vikulega í íþróttatíma þar sem þau byrjuðu á stuttri upphitun, fóru svo í þrautabraut og enduðu á leikjum.

Styrkleikar: Börnin tóku miklum framförum. Eftir starfsárið voru þau öruggari, vissu hvað íþróttir eru og hvað þau eru að fara að gera þar.

Tækifæri til umbóta: Skipta niður í minni hópa svo biðtími minnki og hvert barn fær að njóta sín betur.



Umbótaáætlun

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félags- færni	Öll börn á deildinni séu í góðri félagslegri stöðu í barnahópnum miðað við aldur og þroska.	Mánaðarleg skráning á deildarfundum um félagsstöðu barna og aðgerðarplan í framhaldinu	Sameiginleg ábyrgð starfs- manna á deild, deildarstjóri heldur utan um skráningar	Sept 2023	Maí 2024	KVAN skráning um félagsstöðu barna einu sinni í mánuði.	Öll börn verða í floknum „meðal“
Sjálfsþing	Börnin geti notað viðeigandi áhöld í matartíma	Með því að aðstoða þau. Með því að minna á í orði og gjörðum og hafa áhöld sem passa vel í hendur barnanna.	Deildarstjóri ber ábyrgð á starfi deildarinnar og að deila verkefnum og ábyrgð á annað starfsfólk deildar	Sept 2023	Maí 2024	Umræðumat á deildarfundum	Aukin geta barna til þess að gera sem mest sjálf í matar- tímum
Sjálfsþing	Börnin klæði sig sjálf í einfaldan útifatnað	Leikið með einfaldan útifatnað í fatakleanum	Deildarstjóri ber ábyrgð á starfi deildarinnar og að deila verkefnum og ábyrgð á annað starfsfólk deildar	Sept 2023	Maí 2024	Skráningarblað, yfirfarið á deildarfundum	Börnin geti klætt sig sjálf í húfu, vettlinga og stígvél
Málörvun	Börnin geti tjáð sig í	Gefum 10 markvisst.	Deildarstjóri velur	Sept 2023	Maí 2024	Markviss orðaforðaskráning:	Hafi náð viðmiðum í



	<p>samræmi við aldur.</p> <p>Aukum notkun á TMT með myndum, ásamt tákni, á veggjum.</p>	<p>starfsmann sem ber ábyrgð á að halda utan um skráningar Gefðu 10, en allir starfsmenn taka þátt í að gefa 10 og halda því við.</p>			<p>Dagleg skráning á nýjum orðum og táknum.</p>	<p>málproska við 2 ára aldur (TRAS og hti.is)</p>
--	---	---	--	--	---	---

Álfhóll

Skólaárið 2022 - 2023 í ágúst færðust börn á milli deilda og 21 barn byrjuðu á Álfhóli. Í byrjun hausts voru fjórir kennarar á deildinni og einn með stuðning og skiptust börnin í þrjá sjö barna hópa. Í október bættist kennari í hópinn og þá gátum við verið með fjóra hópa með fimm til sex börnum. Í byrjun hausts var börnunum raðað í hópa eftir aldri en síðar breyttum við hópunum út frá þörfum barnanna. Deildarstjóri tók hópastarf hjá þeim kennara sem var í undirbúningi, með því móti var deildarstjóri einu sinni í viku með hvern hóp. Hópastarf skiptist í listasmiðju, skynjunarleik, flæðilestur, íþróttir og vinastund, auk þess sem stór hluti starfsins er tileinkaður útiveru og frjálsum leik.



Endurmat á starfsáætlun 2022-2023

Tilfinningalæsi

Stefnt var að því að kynna börnin fyrir tilfinningum með myndum og samræðum og að efla samkennd.

Við fórum ekki sérstaklega í að læra tilfinningar og þótti of mikið að fara í fjórar tilfinningar. Við viljum halda þessu markmiði en minnka umfangið. Við vorum með vinastundir sem ýta undir vináttu og samkennd.



Styrkleiki: Um vorið voru mörg börnin farin að hugga hvert annað.



Sjálfsfelling

Stefnt var að því að börnin gætu staðið örugg fyrir framan hóp. Strax um haustið byrjuðum við með nafnaleiki og leikinn Hver er undir teppinu þar sem börnin þurfa að standa upp og standa eða sitja fyrir framan hópinn. Eftir áramót byrjuðu börnin að æfa sig að standa á palli og segja eitthvað fyrir framan hópinn.



Styrkleikar: Mörg börnin sem voru feimin í byrjun voru orðin örugg að koma fyrir framan hópinn.



Félagsfærni

Stefnt var að því að börnin gætu tekið þátt í hópleikjum sér til ánægju. Við æfðum einfalda útgáfu af leiknum Hver er undir teppinu, Hókí Pókí, stoppdans og ýmsa aðra dansa.



Styrkleikar: Börnin náðu fljótt tökum á Hver er undir teppinu og um vorið voru þau byrjuð að geta leiðst í hring og haldið hringnum í Hókí pókí og höfðu flest gaman af. Börnin höfðu mjög gaman af að dansa stoppdans og aðra dansa.



Umbótaáætlun

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Nota KVAN leiki meira.	Minnka Blæ í mars og bæta þá KVAN leikjunum inn.	Kennari sem sér um tíma- línu bætir inn í tímalínu, hópstjórar fylgja því eftir.	Mars 2023	Júní 2024	Skráningarblað um þátttöku og ánægju í leikju- num. Myndbönd	Öll börn geti tekið þátt og flest hafi ánægju af.
Sjálfsfelling	Æfa meira að tala fyrir framan hóp.	Umsjóna- maður í hádeginu.	Kennari sem sækir hádegismat	Jan 2023	Jún 2024	Skráningarblað um þátttöku og hver er umsjónarmaður.	Öll börn hafi verið umsjónamaður og geti sagt hvað er í matinn.
Málörvun	Nota myndrænt skipulag markvisst.	Lyklakippur með myndrænu skipulagi í hverju rými.	Kennari með lengstan undirbúnings- tíma gerir myndir/kippur Allir kennarar nota.	Ág 2023	Jún 2024	Endurmeta hvernig gengur í nóvember, febrúar og maí.	Kennarar eru öruggir í notkun myndræns skipulags og nota í daglegu starfi.



Dvergasteinn

Á Dvergasteini eru 19 börn á aldrinum þriggja til fjögurra ára. Um áramótin tók við nýr deildarstjóri. Í kjölfar deildarstjórabreytinga var skipulag deildar og áherslur endurskoðaðar. Hópunum var skipt upp og hóparnir rúlla á milli allra starfsmanna. Byrjað var að vinna markvisst með vináttu og málörvun, í gegnum KVAN, Blæ, Lubba og Sögugrunn. Allt var þetta svo unnið í gegnum Leikur að læra. Þá lögðum við áherslu á tákni með tali, lestur og söng. Gefðu 10 var einnig einn af lykilþáttum í tengslum við markvissa málörvun. Börnin æfðu sig að búa til sögur og segja þær yfir hópinn. Þá fórum við einu sinni í viku í vettvangsferðir þegar veður leyfði.



Endurmat á starfsáætlun 2022 – 2023

Félagsfærni

Einu sinni í viku fara börnin í vinastund þar sem unnið er með verkfærakistu KVAN, Blæ vináttuverkefni, Uppeldi til ábyrgðar og Barnaheil. Við vinnum þetta allt saman þar sem þetta tengist allt og stuðlar að góðum samskiptum og vináttu. Einn starfsmaður sá um að setja upp kennslustundina. Byrjaði vinastund á því að börnin settust í hring og var lesin vinuáttusaga. Þá var farið í KVAN hópleiki sem stuðla að vináttu og hópefli. Vinastundin endar alltaf eins þar sem börnin setjast aftur í hring og farið yfir hvernig er að vera góður vinur. Þá fórum að nota Blæ bangsana í hvíldinni og voru þeir alltaf til staðar og gátu börnin leitað til þeirra ef þess þurfti. Við lækkuðum hillurnar sem Blæ bangsinn var í og settum myndir af börnunum fyrir ofan þeirra bangsa til að auðvelda aðgengi að þeim. Þessar breytingar hafa leitt til góðs og við ætlum að halda áfram að byggja ofan á þetta.



Umbótaáætlun

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Þjálfar félagsfærni markvissar	Kennsluáætlun gerð fyrir hverja vinastund þar sem efni Blæs, KVAN og uppeldi til ábyrgðar er tvinnuð saman	Deildastjóri Hópstjórar framkvæma	Ágú 2023	Mái 2024	Á deildarfundum með KVAN þarfa- greiningu og yfirferð á barna hópnum. Myndbandsupptökur	Að börnin geti tjáð tilfinningar sínar og sýni góða vináttu, kurteisi, umburðar- lyndi og virðingu.
Félagsfærni	Efla félagsfærni og samskipti	Að efla vináttu í barna- hópnum og góð samskipti með KVAN leikum og samleikum.	Deildarstjóri Hópstjórar framkvæma	Sept 2023	Mái 2024	Á deildarfundum með KVAN greiningu og yfirferð á barna hópnum. Myndbandsupptökur	Að börnin læri að umgangast hvert annað og sýna góða vináttu og tillitssemi.
Sjálfsþing	Að börnin verði sjálfbjarga í fataklefanum, á salerninu og í matartímanum.	Að hjálpa þeim að hjálpa sér sjálf.	Deildarstjóri Hópstjórar framkvæma	Sept 2023	Jún 2024	Símat og á deildarfundum. Merkja í tékklista.	Að börnin geti klætt sig sjálf. Hætti með bleyju og fari á klósettið. Að þau geti notað hnífapör og gengið frá matardiskum eftir matmálstíma.
Málörvun	Að auka orðaforða og	Lesna bók vikunnar.	Deildarstjóri	Sept 2023	Jún 2024	Safna gögnum: TRAS skráningar, EFl próf.	Börnin læri 3- 5 orð á viku.



	málskilning barnanna	Velja orð dagsins úr bókinni. Syngja lög vikunnar, tákn og dansa. Sögugrunnur og Lubbi unnin í gegnum hreyfingu. Gefðu tíu (10 min. með völdum börnum)	Hópstjórar framkvæma			Myndbandsupptökur	Geta tekið þátt í sögunum.
--	----------------------	---	----------------------	--	--	-------------------	----------------------------



Trölladyngja

Á skólaárinu 2022-2023 voru 22 börn á Trölladyngju og þrír starfsmenn voru á deildinni í fullu starfi hverju sinni. Í byrjun hausts var barnahópnum skipt í þrjá hópa í hópastarfi þar sem lögð var áhersla á félagsfærni og sjálfsefningu. Við skipulagningu hópastarfs var tekin sú ákvörðun að ekki yrði einn eiginlegur hópstjóri með hvern hóp, heldur skiptist starfsfólk deildarinnar á með hópana. Markmiðið var að nýta styrkleika hvers og eins starfsmanns og styrkja tengsl, samskipti og samvinnu starfsfólks og barna.

Í byrjun febrúar 2023 tók við nýr deildarstjóri á Trölladyngju. Í kjölfar deildarstjórabreytinga var skipulag deildar, dagskipulag, áherslur og skipting barnahópsins endurskoðuð.

Börnunum var skipt upp í þrjá í hópa í hópastarfi til að stuðla að auknu námi og þroska innan barnahópsins, nýta styrkleika og stuðla að samvinnunámi innan hópsins. Markmiðið var að börnin lærðu hvert af öðru og hjálpuðust að. Þá var lögð sérstök áhersla á félagsfærniþjálfun, sjálfstyrkingu og málörvun.

Endurmat á starfsáætlun 2022 – 2023

Félagsfærni

Lögð var mikil áhersla á félagsfærni og samskipti milli barnanna og við kennara. Við æfðum okkur í að deila með öðrum og skiptast á, einnig hvernig við bíðum og lærum að hlusta á aðra. Hvernig við sýnum góða vináttu og umhyggju. Kennsluefnið Blær var notað þrisvar sinnum í viku.



Blær

Í Blæstundum var unnið sérstaklega með félagsfærni. Lögð var áhersla á grunn-gildin fjögur: Umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Sérstaklega í að sýna samkennd og þekkja tilfinningar, hvernig við sýnum hjálpsemi bæði í orðum og athöfnum og til þess notuðum við vináttuspjöldin úr Blætöskunni.



Leikur að læra

Leikur að læra (LAL) kom bæði inn á málproska, sjálfsefningu og félagsfærni. Unnið var með LAL í gegnum allt hópastarf, bæði í íþróttum og tímalínuverkefnum. Foreldrar tóku virkan þátt með barni sínu í litlum LAL verkefnum sem tengdist ákveðnu hljóði eða þema um leið og komið var með barnið á leikskólann.



Sjálfsefling

Borðhald

Lögð var áhersla á að kenna börnunum að skammta sér minna á diskinn og fá sér frekar aftur til að koma í veg fyrir matarsóun. Börnin skömmtuðu sér sjálf mat í flestum tilvikum. Þau notuðu hnífa til að skera, smurðu brauðmeti sjálf og seinni hluta vetrar æfðu þau sig í að hella vökva í glas. Þau gengu frá eftir sig.



Fataklefi

Áhersla var lögð á að börnin klæddu sig sjálf og hjálpuðu hvort öðru sem þau gerðu. Þau leituðu líka aðstoðar starfsfólks þegar á þurfti að halda. Börnin voru misdugleg að ganga frá útifötum og vestum þegar þau komu inn. Börnin lærðu að klæða sig eftir veðri og höfðu myndir af viðeigandi fatnaði á vegg í fataklefa sér til stuðnings.

Virkja innri hvata og frumkvæði

Valtímar eru í dagskipulaginu eftir hvíld og eru ákveðin verkefni í boði á ákveðnu svæði. Valtíminn byrjaði á því að umsjónarmaður bauð börnunum að draga klemmur sem voru litaðar eftir svæðunum, og börnin voru á því svæði í 20 mínútur, eftir það máttu þau skipta um svæði ef þau vildu. Við vildum bæta sköpunargáfu barnanna og buðum þeim að búa til leikföng úr endurvinnanlegum efnum. Við hjálpuðumst alltaf að og förum eftir reglunni „allir eru vinir“.

Málörvun

Lubbi finnur málbein

Lubbastundir voru tilfallandi fram að áramótum en eftir áramót markvisst einu sinni í viku. Tekið var fyrir eitt máhljóð í viku, lag sungið, saga lesin og unnið með tvíræð orð, einnig var rím æft. Notað var Íslandskort þar sem staður með máhljóði vikunnar var kynntur og ferðaðist Lubbi þannig um landið. Börnunum fannst mjög gaman í Lubbastund og tóku þau virkan þátt. Notuð voru Lubbabein á pappaformi með nöfnum barnanna og máhljóði þeirra fyrir viðveru og stimpluðu þau sig inn í leikskólann með beinunum.

Vettvangsferðir

Farið var í reglubundnar gönguferðir, oftast vikulega og tengt við tímalínu og þemaverkefni. Farið var t.d. á grenndarstöð og fylgst með árstíðabundnum breytingum í nærumhverfi leikskólans. Fyrir áramót



var farið á bókasafn í Gerðubergi og eftir áramót bauð bókasafnsfræðingur á skólasafni Breiðholtsskóla börnunum í tvær sögustundir og var þeim skipt í tvo hópa. Alls voru heimsóknirnar því fjórar.

Íþróttir

Börnin fóru einu sinni í viku í íþróttir, ýmist innan- eða utandyra. Þar var alltaf sögð saga sem tengdi saman orðaforða og hreyfingu. Unnið var með liti, form og afstöðuhugtök. Markmiðið með íþróttum er að auka líkamsvitund, úthald og liðleika. Farið var í ólíka leiki og þrautir sem krefjast samhæfingar augna og handa og börnin unnu oft saman í pörum eða í hóp. Kennari lagði ríka áherslu á það væri tilhlökkunarefni að fara í íþróttatíma sem er viðhorf sem myndi fylgja þeim áfram inn í lífið.

Markmið næsta skólaárs er að halda áfram að styðja og styrkja félagsfærni og málþroska barnanna.



Umbótaáætlun

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Mál- örvun	Auka mál- þroska, orða- forða og skilning.	Að skipta börnunum í tvo hópa í samveru, til að ná til allra barna og geta aðlagð námsefnið betur að þroska og getu hópsins.	Deildarstjóri ber ábyrgð á starfi deildarinnar og að deila verkefnum og ábyrgð á annað starfsfólk deildar.	Ágú 2023	Við lok skólaárs.	Skráningar og myndbands- upptökur. Notast verður við hæfni- ramma fyrir fjöltýngd börn á fjögurra mánaða fresti.	Að öll börn hafi tekið framförum í hæfni- römmum.
Sjálfs- efling	Auka sjálfshjálp þ barna í fataklefa.	Skýrt sjónrænt skipulag verður hengt upp og farið yfir með börnunum daglega hvað skuli gera í fata- klefanum. Umbuna- kerfi í byrjun hausts.	Deildarstjóri ber ábyrgð á starfi deildarinnar og að deila verkefnum og ábyrgð á annað starfsfólk deildar.	Ágú/ sept 2023	Við lok skólaárs.	Skráning starfs	Að flest börn geti klætt sig sjálf og gengið frá fötunum þegar þau koma inn. Staðan verður endurmetin um áramót og aftur í maí.



Skessuból

Á þessu skólaári 2022-2023 voru hjá okkur 23 börn fædd 2017. Í þátttökuaðlögun voru fjögur börn og gekk aðlögunin mjög vel. Starfsmenn deildarinnar voru þrír ásamt þremur stuðningstarfsmönnum. Deildarstarf var vel skipulagt, samstarf kennara gekk mjög vel og sameiginleg markmið okkar voru að auka áherslu á sjálfsefningu og félagsfærni. Okkur á Skessubóli finnst mjög mikilvægt að öllum líði vel í leikskólanum, að samskipti séu góð og að við sýnum hvert öðru virðingu og umhyggju.

Endurmat á starfsáætlun 2022 - 2023

Félagsfærni

Félagsfærni er stór partur af starfinu á okkar deild. Við höfum lagt áherslu á að kenna þeim hvernig á að hlusta á aðra án þess að grípa fram í, hvernig á að deila með öðrum og skiptast á. Hver hópur fékk stund í Blæ, Lubba og listasmiðju einu sinni í viku. Þarfahringurinn er hluti af Uppeldi til ábyrgðar og þar lærðu börnin um eigin þarfir, að setja sig í spor annarra og að lesa í tilfinningar.

Í Blæstundum var unnið sérstaklega með félagsfærni. Lögð var áhersla á grunnildin fjögur: Umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Börnin fengu reglulega að aðstoða á yngstu deildinni til að auka félagsfærni sína og ábyrgð. Á leikskólanum er fjölbreyttur nemendahópur og var unnið mikið með að kynna börnin fyrir mismunandi menningu. Lögð var áhersla á að þau myndu læra að bera virðingu fyrir öllum, óháð uppruna. Blær fór með þeim í heimsókn til mismunandi landa.

Samverustundir okkar byggðust mikið á samskiptum við börnin og börnin voru hvött til að sýna hverju öðru virðingu. Góð samskipti byggðust ekki bara á tali heldur að mikilvægt væri að virkja hlustun, sem er lykillinn að samskiptum við aðra. Haldið var áfram að vinna með öryggi, traust og vináttu inn á deild.

Í frjálsum leik innan hópastarfs var unnið í litlum hópum og lögð áhersla á fjölbreytileikann, að geta leikið með öllum en ekki bara vinum sínum. Félagfærnisefling var tengd við Uppeldi til ábyrgðar, námstefnu leikskólans, en sérstök áhersla var lögð á virðingu, að hlusta á aðra þegar þeir eru að tala og að öll börnin tækju þátt í samtölum.




Sjálfsfling

Við notuðum mikið opnar spurningar til að fá börnin til að hugsa í lausnum. Börnin tóku þátt í að ákveða hvað var gert t.d. í samverustundum og tóku oft þátt í að stjórna þeim. Einnig vildum við þróa jákvæð viðbrögð hjá börnunum gagnvart mistökum og reyna að byggja upp sjálfstraust þeirra. Í hverri viku fékk eitt barn hlutverk umsjónarmanns. Þau fengu að aðstoða við að leggja á borð ásamt því að hjálpa til við morgunsamveru þar sem þau skoðuðu hvernig veðrið var úti og völdu útiföt eftir því. Hengdar voru upp myndir af viðeigandi fatnaði í fataklefa af sem börnin gátu stuðst við.

Við styrktum jákvæða sjálfsmýnd með því að kenna börnunum að bera ábyrgð á sjálfum sér og hvernig þau koma fram við aðra. Börnin skáru matinn sinn sjálf, voru hvött til að finna magamál sitt og hugsa um matarsóun. Þau klæddu sig líka sjálf og tóku ábyrgð á klæðnaði sínum. Þau voru hvött til að finna sjálf hvort þeim væri t.d. kalt og hvað þau gætu gert ef svo væri. Ef þau báðu um aðstoð voru þau hvött til að prófa fyrst sjálf eða biðja vin sinn að hjálpa sér og ef að þau lentu í vandræðum fengu þau aðstoð frá kennara.

Börnin voru einnig hvött til að aðstoða hvert annað. Reynt var að para saman börn sem eru sterk í málinu við þau sem verr stóðu. Einnig notuðu starfsmenn Gefðu 10 kerfið til þess að styðja við málþroska þeirra barna. Frjálsi leikurinn var í hávegum hafður á deildinni, vinsælastir voru hlutverkaleikir og að byggja úr segulkubbum og öðru kubbaefni. Auk þess var mikið litað, málað og fönðrað.



Sjálfbærni

Verðlaust efni var mikið notað á deildinni og voru börnin hvött til að taka efni að heiman sem var nýtt í fönður og önnur verkefni. Ýtt var undir að börnin fullnýttu blöðin sem þau fengu og voru beðin um að skoða skúffurnar sínar áður en þau fengu ný blöð til að koma í veg fyrir sóun.



Farið var í göngutúra í nærumhverfi þar sem safnað var alls konar náttúrulegum efnivið, prikum, könglum, laufblöðum og fleira sem notað var í allskonar fönðurverkefni. Til að vekja athygli barnanna á því að ganga vel um jörðina og hugsa um náttúruna var farið út að tína rusl.



Styrkleikar

Kennarar voru góðar fyrirmyndir í samskiptum, nálægir í leik, þannig að börnin fundu fyrir nánd okkar. Þeim var kennt hvað var æskilegt og hvað óæskilegt. Samskipti okkar einkenndust af virðingu, jákvæðni, hjálpssemi og vináttu. Starfsfólkið sýndi áhuga á því sem barnið var að segja og var til staðar.

Börnin lærðu mikið inn á samkennd inni á deild og að hjálpa hvert öðru.

Börnin lærðu sjálfshjálp með leiðbeiningum frá starfsfólki. Vera þjónn, veðurfræðingur, afmælisbarn, klæða sig í og úr og ganga frá eftir mat .

Við hrósuðum fyrir jákvæða hegðun og fyrir það sem vel er gert.

Börnunum var skipt í þrjá hópa sem börnin völdu sjálf nafnið á með lýðræðislegri kosningu. Í hópunum var unnið markvisst með félagsfærni, sjálfsefningu, tilfinningalæsi og eftir áramót með sjálfbærni.

Tækifæri til umbóta

Að kenna börnunum meira í gegnum athafnir. Á tímalínu leikskólans eru ýmsir þemadagar og unnið er með ákveðið efni í hverjum mánuði. Það væri gaman að fara í ferð með börnunum í tengslum við áherslur hvers mánaðar. Ein hugmynd er að börnin fái að kynna upprunalöndum hvors annars og væri gaman að fá foreldra til samstarfs að kynna sitt land og menningu.

Deildin var í góðu samstarfi við Breiðholtsskóla og fengu börnin íþróttakennslu einu sinni í viku í sal skólans. Eftir áramót fórum við nokkrum sinnum á bókasafnið þar sem hlustað var á sögu og spilað bingó. Þetta samstarf mætti efla enn frekar en skólaárið 2021-2022 komu til dæmis börn úr fyrsta bekk og lásu sögu fyrir börnin.



Leggja meiri áherslu á umhverfisvitund barnanna með því að fara í fleiri ferðir út í náttúruna. Börnin fái að kynnast náttúruperlum í nágrenni Reykjavíkur og þau kunni að læra að meta þá náttúrufegurð sem Ísland hefur upp á að bjóða.

Vera til staðar í leik barnanna og skapa aukið samtal um það sem verið er að gera, fá börnin til að nota setningar með sífellt fleiri orðum í samskiptum. Fylgjast með börnunum í leik og skrá niður og halda saman upplýsingum um það hvað var gert.



Umbótaáætlun

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tíma- bil	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að börn kynnist tungumálinu og möguleikum þess, tjái sig með fjölbreyttum hætti og þrói læsi í víðum skilningi. Tjá tilfinningar sínar, í samskiptum við aðra. Hjálpa þeim að skilja aðra og eignast vini. Að styrkja félagsleg tengsl. Uppbyggjandi samskipti milli starfsfólks og barna.	Með Vináttu-verkefninu Blær. Barnasáttmálinn og Uppeldi til ábyrgðar. Að vera læs á tilfinningar: læra um eigin þarfir, geta sett sig í spor annarra, leysa deilur með orðum og taka tillit til annarra.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	Allt árið um kring	Myndskráning. Skráningar Mat barna þarfahringurinn	Að börn öðlist færni í að vinna saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Barnið er virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir. Samræður milli starfsmanna og barna. Að starfsfólk nái að tileinka sér samræður á markvissan hátt. Uppeldi til ábyrgðar



Sjálfsfelling	Að styrkja sjálfsmynd, sjálfvirðingu, jákvæðni, sjálfsmat og sjálfstraust barna.	Hrósum hverju öðru. Hvetja börnin að gera sjálf og vinna saman. Að auka jákvæð samskipti, að virkja innri hvata og frumkvæði.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	Allt árið	Myndskráning. Skráningar. Mat barna.	Mitt og þitt hlutverk. Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu, barnið læri að þekkja styrkleika og veikleika sína.
Sjálfbærni	Að börnin læri að umgangast náttúruna og umhverfi sitt af virðingu. Að kenna umhverfismennt og sjálfbæra þróun.	Fara út í okkar nær-umhverfi: Skoða, sjá og upplifa náttúruna og umhverfið. Flokka rusl og draga úr matarsóun.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	Allt árið	Myndskráning. Skráningar. Mat barna.	Ganga vel um náttúruna og njóta hennar, þekkja aðgerðir til að vernda jörðina.



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennsla í Bakkaborg er skipulögð þannig að leikskólinn mæti margbreytilegum hópi barna á jafnræðisgrundvelli með einstaklingsþarfir að leiðarljósi.</p> <p>Sérkennslan tekur mið af þörfum hvers og eins og er unnin í nánu samráði og samstarfi við foreldra.</p> <p>Í Bakkaborg er litið á sérkennslu sem eðlilegan hluta af öllu starfi í leikskólanum en ekki aðgreint úrræði. Það fer eftir stöðu og þörfum barnsins hvort þjálfun fari fram inni á deild eða í vinnustundarherbergi.</p> <p>Stundatafla var sett upp fyrir alla þá starfsmenn sem voru að sinna stuðningi og þar kom fram hvaða barn þau voru með hverju sinni.</p> <p>Í einstaklingskennslu voru notuð skráningarblöð frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.</p> <p>Síðan voru notuð skráningarblöð úr LÆM.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>TRAS, AEPS, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, EFI-2 og Hljóm-2</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Ýmis námsefni voru notuð eins og Orðagull, Tölum saman, ýmis skemmtileg spil frá ABC skólavörum, Numicon kubbar, Ljáðu mér eyra, Markviss málörvun o.fl.</p> <p>Í iPad notuðum við: Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin, Froskaleikinn, Puppet Pals og Bitsboard.</p>



Endurmat starfsáætlunar sérkennslu 2022-2023

Umbótaþáttur/matsþáttur: Einstaklingsnámskrá - vinna markvisst eftir einstaklingsnámskrá, að hún sé lifandi vinnuskjal inni á deild.

Hver ber ábyrgð: Sérkennslustjóri, deildastjóri og stuðningur.

Markmiðið er að hvert barn með stuðning fái markvissa þjálfun og verkefni við hæfi. Síðan að unnið sé markvisst eftir einstaklingsnámskrá og að hún sé alltaf til staðar og hægt sé að grípa í hana. Hún sé lifandi vinnuskjal inni á deild.

Hvernig hefur gengið: Endurmat var gert í janúar.

1. Það hefur gengið vel að vinna eftir einstaklingsnámskránni inni á hverri deild. Markmið eru skoðuð reglulega til að athuga hvort þau hafi náðst og það þurfi að setja ný markmið.
2. Það hefur náðst að hluta til að hafa einstaklingsnámskrá sem lifandi vinnuþagg inni á deild.
3. Umbótaþátturinn náðist að mestu leyti, þessi þáttur er þó aftur settur inn í starfsáætlun vegna mikilvægi þess að vinna markvisst eftir einstaklingsnámsáætlun. Markmiðið er þá sett hærra til að það náist að fullu inni á öllum deildum að hafa einstaklingsnámskrána sem lifandi vinnuskjal.



Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Áfram-haldandi innleiðing lausnateymis	Lausnateymisfundir séu haldnir aðra hverja viku.	Sérkennslustjóri og verkefnastjóri fjölmennningar setja upp áætlun fyrir næsta skólaár þar sem skráð er hvenær lausnateymisfundir verða haldnir.	Sérkennslustjóri og verkefnastjóri fjölmennningar	Sept 2023	Apr 2024	Endurmat eftir tvo mánuði, hvort það sé búið að ná að halda alla fundina. Ef ekki komið með nýja áætlun um næstu fundi.	Náðst hefur að halda 90% funda sem eru á áætlun
Einstaklingsnámskrá	Einstaklingsnámskrá sé lifandi vinnuþagg inni á deild	Sérkennslustjóri vinnur að einstaklingsnámskrá með stuðningsaðila í byrjun annar, námskrá er kynnt fyrir allri deildinni á deildarfundi. Höfum markmiðin sýnileg og skráningarblöð eftir þeim.	Sérkennslustjóri ásamt stuðningsaðila	Sept 2023	Apr 2024	Endurmat eftir einn mánuð og farið yfir skráningarblöð og hvort það sé búið að hafa námskrána lifandi inni á deild og verið að skrá á hvernjum degi í hana.	Það hafi verið unnið á hverjum degi úr einstaklingsnámskrá og að hún sé sýnileg inni á deild og verið að skrá í hana á hverjum degi.



6 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í námsgögn og aukinn stuðning við tví-og fjöltyngd börn. Einnig var ráðið inn stöðugildi til að styðja við málörvun fjöltyngdra barna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Markviss vinna með daglegan orðaforða er hluti af daglegu starfi leikskólans, í hópstarfi, samverustundum, matartímum, fataklefa og á snyrtingu. <i>Gefðu 10</i> aðferðin er virk á öllum deildum og eru ákveðin tímabil þar sem lögð er sérstaklega mikil áhersla á að nota þá aðferð. Öllum fjöltyngdum börnum á hverri deild er <i>Gefið 10</i> . Verkefnastjóri fjölmenningar hefur yfirsýn og heldur utan um <i>Gefðu 10</i> . Unnið er með Lubbi finnur málbein á öllum deildum. Á yngstu deildum leikskólans er <i>flæðilestur</i> vikulegur og er orðaforði úr flæðilestursbókum sýnilegur á myndrænu formi uppi á vegg. Einnig er orðaforðaskráning á yngstu deildunum. Á eldri deildum er unnið með Leikur að læra. Einnig er sérútbúin málörvunarorðabók með grunnorðaforða, sem kennarar og börn geta gripið til.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Markviss málörvun er í öllum daglegum athöfnum leikskólans. Samverustundir eru m.a. notaðar til að dýpka orðaforða barnanna með því að lesa bækur, syngja lög og í gegnum samræður við börnin. Flæðilesturstundir eru vikulega á yngstu deildunum. Vikulega eru sérstakar Lubbastundir, þar sem unnið er með Lubbi finnur málbein. Auk þeirra er Lubbi orðinn hluti af daglegu starfi og kemur fyrir oft en í Lubba-stundunum. Á eldri deildum leikskólans er unnið með <i>Sögugrunn</i> .



	<p>Samverustundum hefur verið skipt upp í minni hópa, með það markmið að ná betur til barnahópsins og efla málörvun og málþroska fjöltyngdra barna leikskólans.</p> <p>Endurmat er unnið reglulega.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?</p> <p>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Fylgst er með framförum barnanna með matstækjunum EFI-2 og Hljóm-2, einnig er lagt TRAS fyrir öll börn leikskólans.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Þar sem ríflega helmingur barnanna á leikskólanum eru tví- eða fjöltyngd eru allir starfsmenn leikskólans meðvitaðir um mikilvægi þess að börnin nái tókum á íslensku. Gætt er að því að hafa allt starf á deildunum á myndmáli. Myndrænt dagskipulag er áberandi á öllum deildum. Málörvunarhópar, þar sem nokkur börn eru tekin í málörvunarstarf vikulega.</p>

Niðurstöður innra mats

Unnið er með snemmtæka íhlutun og markvisst unnið með málörvun barna. Fjöltyngd börn voru tekin reglulega í málörvunarstundir þar sem unnið var með málið bæði í gegnum leik og samtöl. Farið var inn á deildir til að styðja við fjöltyngdu börnin í daglegu starfi. Markvisst var unnið með Gefðu 10 á öllum deildum. Öll fjöltyngd börn fengu Gefðu 10 og var skipulagi breytt á nokkrum deildum þar sem lögð var áhersla á færri börn í senn. Byrjað var á hæfnirömmunum fyrir áramót á einni deild en ekki náðist að fylgja því eftir út árið og munum við því endurtaka það skólaárið 2023-2024. **Á hvaða leild**



Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Fylgst með framförum fjöl- tyngdra barna	Nota hæfniramma sem viðmið fyrir hvaða kröfur eru gerðar til barnanna og við mark- miðagerð.	Nota skráningar- blöð fyrir hæfni- rammana.	Verkefna- stjóri fjöl- menning- ar ásamt deildar- stjóra hverrar deildar.	Sept 2023	Maí 2024	Markviss skráning á 3-4 mánaða fresti, endurmetið i hvert sinn.	Að skráningar- blöðin hafi verið notuð markvisst, kröfur aukist og mælan- legar framfarir hjá barninu.



7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku örsamtöl í maí. Allir starfsmenn fengu blað með spurningum til að undirbúa sig. Viðtölin voru tekin inni á skrifstofu, þar sem miðað var við að hvert viðtal tæki um 15 mínútur.

Starfsmenn leikskólans sóttu fjölmörg námskeið t.d. TRAS, PMTO, Atferlisþjálfunarnámskeið, Skráninganámskeið, EFI – 2 málþroskapróf, Vináttuverkefni Blær, Vísindasmiðjur fyrir yngstu börn leikskóla, fyrirlestur um kennslu barna með flóttabakgrunn, fyrirlestur um málþroska barna og fyrirlestur um mannsal.

8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Gott samstarf var á milli Bakkaborgar og Breiðholtsskóla skólaárið 2022 - 2023. Elsti árgangurinn fór í íþróttir á vegum ÍR. Árgangurinn fór í skólaheimsókn og vorskóla í apríl og maí í Breiðholtsskóla auk þess sem honum var boðið á leiksýningar hjá nemendum skólans. Þá voru skipulagðar lesstundir á bókasafni Breiðholtsskóla fyrir tvo elstu árganga Bakkaborgar og nemendur Breiðholtsskóla komu til okkar í starfsnám bæði á haust- og vorönn. Auk þess þá hittust stjórnendur leikskólanna í hverfinu með stjórnanda Breiðholtsskóla.

Almenn ánægja var með samstarfið við Breiðholtsskóla en það er okkar markmið að ná betur saman við frístund og efla enn frekar samstarf við Breiðholtsskóla.

Samstarf 2022-2023

Leikskólinn Bakkaborg – Breiðholtsskóli

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Október 2022 til maí 2023	Íþróttir – elstu börnin	Íþróttahús Breiðholtsskóla	Deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
9. janúar 2023	Bókasafnsstund í Breiðholtsskóla fyrir elstu tvær deildir Bakkaborgar	Bókasafn Breiðholtsskóla	Starfsmaður bókasafns Breiðholtsskóla og deildarstjórar elstu deilda í Bakkaborg
16. janúar 2023	Bókasafnsstund í Breiðholtsskóla fyrir elstu tvær deildir Bakkaborgar	Bókasafn Breiðholtsskóla	Starfsmaður bókasafns Breiðholtsskóla og deildarstjórar elstu deilda í Bakkaborg



23. janúar 2023	Bókasafnsstund í Breiðholtsskóla fyrir elstu tvær deildir Bakkaborgar	Bókasafn Breiðholtsskóla	Starfsmaður bókasafns Breiðholtsskóla og deildarstjórar elstu deilda í Bakkaborg
30. janúar 2023	Bókasafnsstund í Breiðholtsskóla fyrir elstu tvær deildir Bakkaborgar	Bókasafn Breiðholtsskóla	Starfsmaður bókasafns Breiðholtsskóla og deildarstjórar elstu deilda í Bakkaborg
4. maí 2023	Heimsókn á skólalóð – elstu börn	Skólastofa Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari
9. og 10. maí 2023	Vorskóli elstu barna	Skólastofa Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari
16. maí 2023	Skil á milli skóla	Breiðholtsskóli	Deildarstjóri, sérkennslustjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónarkennari

9 Foreldrasamvinna

Þann 1. desember 2022 var Bakkaborg 50 ára og var að því tilefni opið hús fyrir foreldra. Það var ánægjulegt hversu vel heppnuð sú stund var enda komin nokkur ár síðan foreldrum var boðið á viðburð í leikskólanum.

- **Foreldraráð:** Foreldraráð Bakkaborgar er fámennt en góðmennt. Þrír foreldrar er í ráðinu en erfiðlega hefur gengið að manna þessar stöður. Það var óskað eftir fólki til að starfa á hverjum foreldrafundi sem haldinn var í haust en því miður tókst ekki að fjölga meðlimum. Samskipti við foreldraráð fóru að mestu fram í gengum tölvupóst s.s. að fara yfir starfsáætlun, ákvörðun varðandi sumarlokun. Áskorun næsta haust er að fjölga meðlimum foreldraráðs og hittast í raunheimi. Við gerum það með því að kynna hlutverk foreldraráðs á deildakynningum hverra deilda sem haldinn er að hausti, (sjá hér að neðan)
- **Foreldrafundir:** Haldnir voru foreldrafundir á hverri deild í haust þar sem deildarstjórar fóru yfir dagskipulag hverrar deildar og viðfangsefni.
- **Foreldraviðtöl:** Foreldraviðtöl voru tekin að hausti og vori. Deildir skiptu með sér dögum frá 21. október til 8. nóvember 2022 á haustönn og frá 13. apríl – 10. maí á vorönn. Skipulagið var



gert með þarfir foreldra í huga þar sem systkinum var raðað saman hvort á eftir öðru óháð deildum.

- **Foreldrafélag:** Foreldrafélag Bakkaborgar er skipað sex mæðrum. Nokkrar af þeim hafa starfað lengi og hafa átt börn lengi í leikskólanum en í ár hafa bæst í hópinn mæður sem hafa styttri reynslu af leikskólanum. Foreldrafélagið hefur skipulagt viðburði fyrir börn og foreldra bæði á leikskólatíma og þar fyrir utan. Í ár var t.d. farið í hina árlegu sveitaferð sem heppnaðist mjög vel.

10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Haldnir voru sex skipulagsdagar í leikskólanum á skólaárinu 2022 – 2023. Fræðsla á skipulagsdögum fól í sér skyndihjálp, fyrirlestur um málþroska, eflingu orðaforða, tvítyngi og fleira. Auk þess var unnin skipulögð vinna í tengslum við KVAN, tímalínu og fleira sem skilaði góðum árangri.

Skólaárið 2023 – 2024 eru skipulagsdagar eftirfarandi:

6. október 2023 samstarfsdagur leik- og grunnskóla í Bakkahverfi

24. nóvember 2023

2. janúar 2024

5. febrúar 2024 samstarfsdagur leik- og grunnskóla í Bakkahverfi

22. mars 2024

17. maí 2024 samstarfsdagur leik- og grunnskóla SFS



	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1. 8	Sumarhátíðin	1. 9	1. 10	1. 11	1. 12	1. 1	1. 2	1. 3	1. 4	1. 5	1. 6
2. 8	Sumarhátíðin	2. 9	2. 10	2. 11	2. 12	2. 1	2. 2	2. 3	2. 4	2. 5	2. 6
3. 8	Sumarhátíðin	3. 9	3. 10	3. 11	3. 12	3. 1	3. 2	3. 3	3. 4	3. 5	3. 6
4. 8	Sumarhátíðin	4. 9	4. 10	4. 11	4. 12	4. 1	4. 2	4. 3	4. 4	4. 5	4. 6
5. 8	5. 9	5. 10	5. 11	5. 12	5. 1	5. 2	5. 3	5. 4	5. 5	5. 6	5. 7
6. 8	6. 9	6. 10	6. 11	6. 12	6. 1	6. 2	6. 3	6. 4	6. 5	6. 6	6. 7
7. 8	7. 9	7. 10	7. 11	7. 12	7. 1	7. 2	7. 3	7. 4	7. 5	7. 6	7. 7
8. 8	8. 9	8. 10	8. 11	8. 12	8. 1	8. 2	8. 3	8. 4	8. 5	8. 6	8. 7
9. 8	9. 9	9. 10	9. 11	9. 12	9. 1	9. 2	9. 3	9. 4	9. 5	9. 6	9. 7
10. 8	10. 9	10. 10	10. 11	10. 12	10. 1	10. 2	10. 3	10. 4	10. 5	10. 6	10. 7
11. 8	11. 9	11. 10	11. 11	11. 12	11. 1	11. 2	11. 3	11. 4	11. 5	11. 6	11. 7
12. 8	12. 9	12. 10	12. 11	12. 12	12. 1	12. 2	12. 3	12. 4	12. 5	12. 6	12. 7
13. 8	13. 9	13. 10	13. 11	13. 12	13. 1	13. 2	13. 3	13. 4	13. 5	13. 6	13. 7
14. 8	14. 9	14. 10	14. 11	14. 12	14. 1	14. 2	14. 3	14. 4	14. 5	14. 6	14. 7
15. 8	15. 9	15. 10	15. 11	15. 12	15. 1	15. 2	15. 3	15. 4	15. 5	15. 6	15. 7
16. 8	16. 9	16. 10	16. 11	16. 12	16. 1	16. 2	16. 3	16. 4	16. 5	16. 6	16. 7
17. 8	17. 9	17. 10	17. 11	17. 12	17. 1	17. 2	17. 3	17. 4	17. 5	17. 6	17. 7
18. 8	18. 9	18. 10	18. 11	18. 12	18. 1	18. 2	18. 3	18. 4	18. 5	18. 6	18. 7
19. 8	19. 9	19. 10	19. 11	19. 12	19. 1	19. 2	19. 3	19. 4	19. 5	19. 6	19. 7
20. 8	20. 9	20. 10	20. 11	20. 12	20. 1	20. 2	20. 3	20. 4	20. 5	20. 6	20. 7
21. 8	21. 9	21. 10	21. 11	21. 12	21. 1	21. 2	21. 3	21. 4	21. 5	21. 6	21. 7
22. 8	22. 9	22. 10	22. 11	22. 12	22. 1	22. 2	22. 3	22. 4	22. 5	22. 6	22. 7
23. 8	23. 9	23. 10	23. 11	23. 12	23. 1	23. 2	23. 3	23. 4	23. 5	23. 6	23. 7
24. 8	24. 9	24. 10	24. 11	24. 12	24. 1	24. 2	24. 3	24. 4	24. 5	24. 6	24. 7
25. 8	25. 9	25. 10	25. 11	25. 12	25. 1	25. 2	25. 3	25. 4	25. 5	25. 6	25. 7
26. 8	26. 9	26. 10	26. 11	26. 12	26. 1	26. 2	26. 3	26. 4	26. 5	26. 6	26. 7
27. 8	27. 9	27. 10	27. 11	27. 12	27. 1	27. 2	27. 3	27. 4	27. 5	27. 6	27. 7
28. 8	28. 9	28. 10	28. 11	28. 12	28. 1	28. 2	28. 3	28. 4	28. 5	28. 6	28. 7
29. 8	29. 9	29. 10	29. 11	29. 12	29. 1	29. 2	29. 3	29. 4	29. 5	29. 6	29. 7
30. 8	30. 9	30. 10	30. 11	30. 12	30. 1	30. 2	30. 3	30. 4	30. 5	30. 6	30. 7
31. 8	31. 9	31. 10	31. 11	31. 12	31. 1	31. 2	31. 3	31. 4	31. 5	31. 6	31. 7

11 Fylgigögn

Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024

Bakkaborg

Umsögn foreldraráðs vegna starfsáætlunar Bakkaborgar 2023-2024

Foreldraráð hefur lesið og farið yfir starfsáætlun Bakkaborgar fyrir næsta skólaár.

Starfsáætlunin er að venju vönduð og metnaðargjörn.

Foreldraráði lýst vel á þær breytingar sem liggja fyrir á næsta skólaári og má þar nefna t.d. stofnun teymis til að móta málstefnu leikskólans, efla vináttuverkefni og Gefðu 10.

Við erum sammála því sem kom fram í viðhorfskönnun til foreldra, að leikskólanum er vel stjórnað og þar er vingjarnlegt andrúmsloft. Jákvætt er að sjá að starfsfólki leikskólans líður vel og að þau upplifi traust til yfirmanna sinna. Það endurspeglast í starfinu.

Ánægjulegt er að sjá aðgerðirnar útlistaðar sem efla sjálfstæði og sjálfstraust barnanna á öllum deildum, sem myndar heildstæðan þráð í gegnum starfið og veru barnsins í leikskólanum.

Foreldrasamstarf á leikskólanum má auðvitað alltaf vera meira en ánægjulegt er að sjá t.d. á Trölladyngju foreldraþátttökuna í LAL verkefninu. Þá mætti taka samtal við foreldra hvort það henti betur að taka þátt í slíkum verkefnum í lok dags frekar en snemma að morgni. Samstarf leikskólans við Breiðholtsskóla í vetur var frábært og vonum við að það verði þannig áfram, jafnvel með enn fjölbreyttari hætti.

Þá óskar foreldraráð eindregið eftir því að enn fleiri foreldrar verði hvattir til að taka þátt í foreldrafélaginu og foreldraráði, og þá sérstaklega því síðarnefnda. Eins og sakir standa erum við of fá í foreldraráði.

Að lokum þökkum við stjórnendum og öllu starfsfólki leikskólans fyrir frábæra samvinnu og samskipti.

Reykjavík 30. ágúst 2023

Fyrir hönd foreldraráðs Bakkaborgar

Bergrós Elín Hilmarsdóttir

Jón Blöndal

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bergrós Elín Hilmarsdóttir

Jón Blöndal



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



